

Nr. 22-017 S 013 Sigursæll KÓ 8***Sekkur við bryggju***

Skipaskr.nr. 6186
Útgerð: Gústav R Gústavsson
Smíðaður: Ísland, 1980, fura & eik.
Stærð: 4,39 BT.
Mesta lengd: 8,25 m Skráð lengd: 7,80 m
Breidd: 2,33 m Dýpt: 1,05 m
Vél: SABB, 33 kW, 1980.
Fjöldi skipverja: 0



Sigursæll©Skipamyndir.is

Gögn:

Gögn RNA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirbrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. febrúar 2022 var báturinn Sigursæll KÓ 8 við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn. Veður: N 10 m/s.

Leki kom að bátnum þar sem hann lá mannlaus við bryggju. Þegar að var komið var báturinn sokkinn. Köfunarþjónusta Sigurðar náði bátnum á flot og var hann hífður upp á bryggju.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Báturinn var landtengdur.
- Mikið fannfergi hafði verið og taldi eigandinn að báturinn hafi sigið á aðra hliðina undan þunganum og tekið inn á sig sjó.
- Eigandinn hafði verið í bátnum tveimur dögum áður og þá lensað hann og mokað af honum snjó.
- Báturinn var með blautpúst sem reyndist vera óþétt út við síðuna.
- Tvær lensidælur voru í bátnum, ein rafdrifin og önnur véldrifin.
- Fram kom hjá eiganda að rafdrifna lensidælan var ekki alltaf að virka en hugsanlega hefði frosið í henni. Hann lensaði þá bátinn með véldrifnu lensidælunni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.